

21. MARS
2025

HARPA
NORÐURLJÓS



Herdís Anna og sellódeildin

FÖSTUDAGSRÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SELLÓDEILD SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands er skipuð 9 fastráðnum hljóðfæraleikurum. Tónleikar sem sellódeildin hélt í Salnum í Kópavogi vorið 2007 mörkuðu upphafið að tónleikahaldi deildarinnar, fyrir utan sín hefðbundnu störf innan hljómsveitarinnar. Hefur deildin síðan þá komið fram við ýmis tækifæri. Af nýlegum viðburðum má nefna upptökur af leik deildarinnar í röðinni Sælustraumar frá Hörpu, tónleika fyrir Norwegian Cruise Line og síðast en ekki síst þátttaka sl. haust í verkefninu Rituals með m.a. hinum heimsfræga sellóleikara Yo-Yo Ma sem hluti af lokaatriði Arctic Circle ráðstefnunnar.



HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR

Herdís Anna hefur á ferli sínum öðlast mikla reynslu í flutningi á margs konar tónlist, jafnt ljóðasöng sem óperu, kirkjutónlist og belcanto, söngleikjum og samtímatónlist. Hún er búsett í Reykjavík og starfar sem söngkona og kennari. Herdís bjó og starfaði lengi í Þýskalandi, en hefur víða komið fram á ýmsum tónlistarhátíðum og í útvarpi og sjónvarpi, bæði hér heima og erlendis. Þar á meðal með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, Caput-hópnum, Sinfóníuhljómsveit Færeyja og Sinfóníuhljómsveitinni í Canberra, Ástralíu. Þá hefur Herdís sungið við ýmis óperuhús í Þýskalandi.

Fyrsta sólóplata Herdísar Nýir vængir kom út 2021, hvar hún ásamt Bjarna Frímanni Bjarnasyni flytur íslensk sönglög. Síðastliðið vor söng Herdís öll þrjú hlutverkin í frumflutningi óperunnar *Óperan hundrað þúsund* eftir Þórunni Grétu Sigurðardóttur og Kristínu Eiríksdóttur. Herdís stundaði söngnám við Tónlistarskólann á Ísafirði, Listaháskóla Íslands, Hanns Eisler tónlistarháskólann í Berlín og við óperustúdíó Óperunnar í Zürich. Árin 2013–2018 var hún fastráðin við Ríkisóperu Saarlands, Þýskalandi. Herdís Anna hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir söng sinn, m.a. var hún valin Söngkona ársins í Saarbrücken vorið 2016. Þá hlaut hún Grímuna fyrir túlkun sína á Víólettu í *La Traviata* við Íslensku óperuna árið 2019 og Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir söng ársins 2022.

ÍSLENSK MÚSÍK OG SUÐUR-AMERÍSK

Efnisskrá þessara tónleika er innrömmuð af verkum eftir argentínska bandóneonleikarann og tónskáldið Astor Piazzolla (1921–1992). Hann fæddist í borginni Mar del Plata sem liggur við Atlantshafsströndina suður af höfuðborginni Buenos Aires en foreldrar hans voru afkomendur innflytjenda frá Ítalíu. Fjögurra ára gamall flutti hann ásamt foreldrum sínum til New York. Hann byrjaði ungur að hlusta á hljómplötur föður síns, tangótónlist, djass og sígilda tónlist - meðal annars Bach og þar eignaðist hann fyrsta hljóðfærið sitt, bandóneon, litla takkaharmónikku sem átti eftir að verða hans dyggasti fylginautur út ævina.

Fjölskyldan flutti aftur til Mar del Plata og þar lék Astor Piazzolla í ýmsum hljómsveitum og kynntist nýjum straumum í tangóheiminum. Síðar stundaði hann um árabil nám í tónsmíðum og píanóleik í Buenos Aires og síðar kontrapunkt og tónsmíðar hjá hinni frægu Nadiu Boulanger í París. Hans markmið hafði verið að snúa sér alfarið að klassískum tónsmíðum en Boulanger hvatti hann til að einbeita sér að tangóinu þar sem styrkur hans væri mestur.

Og Piazzolla gerði það og gott betur því að hann endurskapaði tangóinn og „flutti hann úr danssölunum yfir í tónleikahallirnar“. Hann var gífurlega afkastamikið tónskáld og þá er hann í fámennum hópi tónskálda sem alla starfsævina kom sjálfur fram sem hljóðfæraleikari.

Sumar í Buenos Aires (Verano Porteño) úr Árstíðunum er fyrsta verk efnisskrárinnar en það samdi Piazzolla sem leikhústónlist árið 1965. Þá stígur Herdís Anna á svið og syngur brasilíska þjóðlagið *Casinha Pequena* (litla heimilið) sem er af Modinha gerð. Modinha er dæmigerður brasilískur „borgarstíll“ sem alltaf var lagrænn, oft með texta um vonlausa eða platónska ást og gjarnan í moll tóntegund. Villa-Lobos notaði þennan stíl til dæmis í *Bachianas Brasileiras nr. 1*. Höfundur lagsins er ókunnur en lagið var gífurlega vinsælt á fyrri hluta 20. aldar.

Þórður Magnússon (f. 1973) hefur um árabil verið áberandi í íslensku tónlistarlífi sem tónskáld og útsetjari og er skemmst að minnast frumflutnings á glæsilegum fiðlukonserti hans í Hörpu fyrr á árinu í flutningi Ara Þórs Vilhjálmssonar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Osmos Vänskä. Um verk sitt segir Þórður: „Scherzo fyrir 8 selló var upprunalega pantað af sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir tilstuðlan Hrafnkells Orra Egilssonar og flutt á tónleikum í Salnum í Kópavogi 2007. Eftir það fór verkið í gegnum nokkra snúninga. Ég gerði útgáfu fyrir píanótrío fyrir tónleika Trío Nordica á Listahátíð í Reykjavík 2009 og var verkið í þeirri útgáfu einnig flutt hjá Kammermúsíklúbbinum 2010 og aftur ári síðar af píanótríói undir forystu Katariina Liimatainen. Árið 2023 gerði ég síðan útgáfu fyrir flautu, selló og píanó. Þegar sú hugmynd kom upp að sellódeildin spilaði verkið aftur, lagðist ég í svolitla endurskoðun á upprunalega verkinu með tilliti til þeirra breytinga sem verkið hafði tekið á þessum tæpum 2 áratugum. Þannig að þetta er glæný útgáfa sem hljómar á þessum tónleikum. Verkið er einpáttungur og eins og titillinn gefur til kynna hefur það yfir sér danskennt yfirbragð, og kannski svolítið „perpetuum mobile“. Eins og oft áður nýti ég, þó á frjálsglegan hátt, lagstúf ættaðan úr íslenskum rímnakveðskap.“

Heitor Villa-Lobos (1887–1959) var höfuðtónskáld Brasilíu og sló þjóðlegan tón í verkum sínum, blandaði seiðandi hryn brasilískrar tónlistar saman við áhrif frá Stravinskíj. Meðal helstu verka hans er flokkurinn **Bachianas Brasileiras** þar sem brasilískir tónar renna saman við form og stíl barokksins á heillandi hátt. Um flokkinn sagði Villa-Lobos:

„Þetta er sérstök gerð af tónsmíð sem byggir á náinni þekkingu á stórkostlegum verkum Bachs en einnig hljóðmaveröld hans sem og kontrapunkti og lagrænu andrúmslofti brasilískrar þjóðlagahefðar. Tónskáldið lítur á Bach sem alþjóðlegan nægtabrunn þjóðlaga sem á rætur í alþýðutónlist allra landa veraldarinnar. Hann sameinar alla kynþætti.“

Fimmta svítan, fyrir sópran og átta selló, samin árið 1938, er eitt frægasta og mest flutta verk Villa-Lobos, einkum fyrri kaflinn, Aría. Jaðarhlutar kaflans eru sungnir án orða en miðhlutinn er saminn við ljóð eftir brasilísku söngkonuna Ruth Valladares Corrêa sem frumflutti einnig verkið. Ljóðið er lýsing á fallegum kvöldhimni - gljáandi bleik ský sigla hægferðug um víðan geim og máninn rís úr óendanleikanum eins og fögur mær sem öll veröld heilsar og hyllir.

Seinni kaflinn Dança er dans og ber brasilíska heitið Martelo sem er brasilísk tónlistar- og danshefð sérstaklega tengd við Sertão - þurru svæðin í innri Brasilíu. Martelo þýðir á portúgölsku hamar og er þessi tónlist með einkennandi sterkan, taktfastan og kraftmikinn rytm. Ljóðið er eftir Manuel Bandeira, eitt af helstu ljóðskáldum Brasilíu. Í ljóðinu er sungið til fugla frá Sertão og þeir beðnir um að syngja meira og enn meira. Fuglarnir heita framandi nöfnum - irerê er til dæmis randablístra og svo flögra þarna tannrindlar, gráennisdúfur, rauðstakkar og kakóprestir.

Vor í Bueonos Aires (Primavera Porteña) úr Árstíðunum samdi Piazzolla árið 1969 líkt og kaflana Haust og Vetur. Kaflarnir fjórir voru upphaflega sjálfstæðar tónsmíðar og allar skrifaðar fyrir kvintett sem samanstóð af fiðlu eða víólu, píanói, rafgítar, kontrabassa og bandóneon.

Magnús Blöndal Jóhannsson (1925–2005) naut tónlistaruppfræðslu hjá austurrísku frumkvöðlunum Franz Mixa og Victor Urbancic í Tónlistarskólanum í Reykjavík á fyrsta áratugnum eftir stofnun hans árið 1930. Síðar nam hann við Juilliard skólann í New York. Magnús var frumkvöðull á sviði raftónlistar á Íslandi en hann starfaði einnig sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. **Sveitin milli sanda** sem er titillag samnefndar heimildamyndar eftir Ósvald Knudsen er líklega eitt ástsælasta lag íslenskrar kvikmyndasögu. Lagið samdi Magnús Blöndal árið 1962 og er það þekktast í upprunalegum flutningi Ellýjar Vilhjálm.

Síðasta verkið á efnisskránni er **Libertango** eftir Astor Piazzolla sem er eitt af hans þekktari verkum. Titillinn vísar í skilnað hans við hefðbundna tangóinn og frelsið sem hann innleiddi í hinum nýja tangó - tango nuevo.

Sigurður Ingvi Snorrason

Herdís Anna og sellódeildin

TÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM 21. MARS KL. 18:00

Sellódeild

Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Bryndís Halla Gylfadóttir

Margrét Árnadóttir

Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir

Hrafnkell Orri Egilsson

Sigurður Bjarki Gunnarsson

Sigurgeir Agnarsson

Steiney Sigurðardóttir

Urh Mrak

Herdís Anna Jónasdóttir
einsöngvari

Astor Piazzolla

Árstíðirnar í Buenos Aires (1965)

Sumar - Allegro

úts. James Barralet

Brasilískt þjóðlag

Casinha Pequena

úts. Bruno Lima/Hrafnkell Orri Egilsson

Þórður Magnússon

Scherzo (2005/2025)

Heitor Villa-Lobos

Bachianas Brasileiras nr. 5 (1938)

Aria (Cantilena) Adagio

Dança (Martelo) Allegretto

Astor Piazzolla

Árstíðirnar í Buenos Aires (1965)

Vor - Allegro

úts. James Barralet

Magnús Blöndal Jóhannsson

Sveitin milli sanda (1962)

úts. Hrafnkell Orri Egilsson

Astor Piazzolla

Libertango (1974)

úts. Hrafnkell Orri Egilsson

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.

Tónleikarnir eru um
klukkustundarlangir án hlés.

Tónleikarnir eru teknir upp
og verður útvarpað á Rás 1 síðar



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Óperuveisla með Ólafi Kjartani

3. & 4. APRÍL | KL. 19:30

Ólafur Kjartan Sigurðarson, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hefur átt fádæma velgengni að fagna í heimi óperunnar á síðustu árum.

Hér býður hann til sannkallaðrar veislu þar sem glæsilegir gestir, söngvararnir Kristín Anna Guðmundsdóttir, Gunnar Björn Jónsson og Kristín Sveinsdóttir, bregða sér í hin ýmsu hlutverk. Um tónsprotann heldur Bjarni Frímann Bjarnason.

Þessir tónleikar eru fullir af ástríðu, örlagaþrungnum aríum og dýrðlegum dúettum úr helstu perlum óperunnar, t.d. eftir Verdi, Puccini og Bizet.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS